

Skýrsla verkefnisstjóra innra mats

Starfsárið 2007-2008

Haustönn 2007

Boðað var til fyrsta fundar vetrarins í innra mati þann 7. september. Hópurinn hafði þá breyst frá fyrri vetri á þann hátt að Jóney Jónsdóttir kom á ný inn í hópinn í stað Ingibjargar Bergmundsdóttur sem var hætt störfum við ME. Hópurinn skipa því Arnar Sigbjörnsson (verkefnisstjóri), Jón Ingi Sigurbjörnsson, Jóney Jónsdóttir, Sigrún Blöndal, Sigrún Hrafnsdóttir, Sigurður Ingólfsson og Þorbjörn Rúnarsson. Á fyrsta fundi voru verkefni vetrarins rædd og ákað hópurinn að halda sig við langtímaáætlun innra mats og meta fagmennsku og áherslur kennara. Slíkt mat fór einnig fram í skólanum á vorönn 2003 og var þá byggt á B-hluta Framhaldsskólarýnis Benedikts Sigurðssonar, en þar sem spurningarnar þar þóttu í mörgum tilvikum óskýrar og ómarkvissar var horfið frá því að nota hann aftur. Þess í stað samdi hópurinn nýjan spurningalista frá grunni og fór í það umtalsverð vinna sem stóð yfir fram í miðjan nóvember. Könnunin var svo lögð fyrir kennara þann 23. nóvember og úrvinnslu og skýrslugerð endanlega lokið í kringum 20. janúar. Skýrslan var fjölrituð í nokkrum eintökum og afhend öllum stjórnendum skólans og formanni skólanefndar, auk þess sem eintak var sett á bókasafn skólans og kaffistofu kennara. Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar á kennarafundi þann 8. febrúar '08 og á fundi skólanefndar í febrúar kynnti undirritaður niðurstöður þessarar könnunar og könnunar á yfirstjórn skólans frá vorönn 2007 fyrir nefndinni. Könnun á fagmennsku, viðhorfum og líðan kennara var eina formlega verkefni innra mats hópsins á haustönn 2007.

Vorönn 2008

Unnið var að tveimur stórum verkefnum á vorönn. Samkvæmt áætlun var lögð könnun fyrir útskrifaða nemendur frá ME. Slík könnun var framkvæmd á vorönn 2005, og var að miklu leyti stuðst við sömu spurningar og þá voru notaðar. Líkt og fyrir þremur árum stóðu nemendur í félagsfræði 403 að framkvæmd könnunarinnar undir stjórn Jóns Inga og hringdu þeir í fólk sem hafði útskrifast frá ME á árunum 2004 - 2007. Voru að stofni til notaðar sömu spurningar og 2005. Nemendur slógu gögn inn í SPSS og Jón Ingi prentaði út tíðnitöflur til skoðunar, vann PowerPoint kynningu og kynnti á kennarafundi 27. maí. Kynningin er einnig sett út á vef innra mats.

Hitt verkefni annarinnar var að vekja áfangamatið til lífisins á ný. Áður lögðu kennarar þetta sjálfir fyrir á blöðum og héldu niðurstöðum fyrir sig, en veturinn 2003-2004 var prófað að gera áfangamat í tölvu í svokölluðum Kanna.

Framkvæmdin reyndist fremur stirðbusaleg auk þess sem ekki reyndist unnt að reikna meðalsvartíðni sem kennarar gætu borið sínar niðurstöður saman við. Síðan þá hefur áfangamat legið niðri, en á vorönn keypti skólinn aðgang að könnunargerðarforriti á vefnum sem ber heitið SurveyMonkey. Enn á ný lagðist innra mats hópurinn í vinnu við að semja spurningalista, en að þessu sinni var stuðst við áfangamatið sem áður var notað við skólann og spurningalistann í Kanna. Spurningarnar voru síðan settar í SurveyMonkey og hverjum nemendahópi úthlutaðar 20 mínútur úr tiltekinni kennslustund til að framkvæma matið í tölvustofu. Framkvæmd matsins stóð yfir í rúmlega viku. Áfangastjóri reiknaði síðan út meðalsvörun fyrir hverja spurningu og var sú samantekt send öllum kennurum til samanburðar við niðurstöður eigin nemendahópa. Samantektin hefur einnig verið sett út á heimasíðu innra mats.

Til viðbótar við þess tvö meginverkefni kom það í hlut undirritaðs að setja heimasíðu innra mats upp á ný í kjölfar þess að gerð var ný heimasíða fyrir skólann. Aðstoðarskólameistari tók starfsmannaviðtöl við starfsfólk á vorönn 2008 og mun væntanlega setja fram samantekt þeirra viðtala að þeim loknum líkt og fyrir ári síðan. Þegar þetta er skrifað er ekki ljóst hvort tekin verða saman tölfræðileg gögn um nemendur frá nýliðnum vetri.

Á starfsdegi þann 27. maí var unnið í stefnu skólans og var starfið að töluverðu leyti byggt á gögnum innra mats sem aflað hefur verið síðustu misseri.

Úttekt ráðuneytis

Í lok apríl komu úttektaraðilar á vegum menntamálaráðuneytis í heimsókn og tóku út sjálfsmatið í ME. Ekki liggur fyrir endanleg niðurstaða þess mats þegar þetta er skrifað, en stutt umsögn hefur þó borist í tölvupósti þar sem segir m.a. að “staða sjálfsmats við skólann sé fullnægjandi og í góðum farvegi“ og „Að okkar mati uppfyllir Menntaskólinn á Egilstöðum allar kröfur menntamálaráðuneytisins til sjálfsmatsins“ en „æskilegt væri að tekin væri saman stutt formleg sjálfsmats skýrsla þar sem helstu niðurstöður sjálfsmatsins væru dregnar fram til að koma á framfæri á einfaldan og aðgengilegan hátt helstu þáttum í starfsemi skólans“. Sá þáttur sem fyrst og fremst þarf að bæta í sjálfsmati ME er samkvæmt þessu útgáfa stuttrar formlegrar sjálfsmatsskýrslu, og mun reynt að verða við því.

Fyrirliggjandi:

Samkvæmt sjálfsmatsáætlun er komið að liðnum “annað” á haustönn 2008, en á að minnsta kosti þriggja ára fresti fer fram mat á tilteknum þáttum sem ekki eru innan hinna hefðbundnu matsþátta. Er það komið undir ákvörðun matshóps hverju sinni hvaða þættir eru metnir, og er sú ákvörðun tekin í samráði við annað starfsfólk skólans. Innra mats hópurinn hefur fundað um næsta verkefni og komu fram hugmyndir um úttektir á námsmati skólans, fjarnámi, kennsluháttum, líðan starfsfólks, brottfalli, verklagi nemenda í tilteknum greinum, stoðtímakerfi skólans, afrakstri nemendapjónustu, agamálum eða öðrum þáttum sem mikilvægt þykir að skoða á hverjum tíma. Þetta er í fyrsta skipti sem kemur að liðnum “annað” í sjálfsmatsáætluninni.

Á vorönn 2009 er komið að því að endurtaka mat á högum og viðhorfum nemenda, en mjög viðamikil slík könnun var gerð á haustönn 2006.

Á komandi vetri stendur einnig til að endurtaka áfangamatið með svipuðum hætti og gert var nú á vorönn, best væri ef áfangamat færi fram á báðum önnum. Einnig þarf að koma reglu á útreikning tölfræðilegra gagna um nemendur og ákveða hvað gert er með þau gögn.

Í haust verða breytingar á hópnum þar sem Þorbjörn Rúnarssons hættir í hópnum og tekur tímabundið við rektorstöðu og undirritaður hættir sem verkefnisstjóri hópsins og tekur tímabundið við áfangastjórastöðu.

Vinnustundir:

Undirritaður hefur haldið til haga vinnustundum sem farið hafa í fundi, úrvinnslu gagna, skýrslugerð, áfangamat, prófarkalestur, heimasíðugerð o.fl. Á haustönn 2006 fóru samanlagt um 160 klukkustundir í slíka vinnu hjá hópmeðlimum en á haustönn 2007 voru klukkustundirnar 94. Mismunurinn helgast meðal annars af því að á fyrri önninni fór mikill tími í að semja könnun um fagmennsku, viðhorf og líðan kennara, auk þess sem úrvinnsla og skýrslugerð var nokkuð tímafrek. Á seinni önninni lenti mest vinna við könnun meðal útskrifaðra nemenda á nemendum í félagsfræði 403, en sú vinna var hvergi skráð. Áfangamatið var að stærstum hluta í höndum áfangastjóra og undirritaðs og því dreifðist vinnan óvenju lítið á allan sjálfmsatshópinn á vorönninni. Undirritaður hefur haldið til haga eigin vinnustundum á skólaárinu, en þær eru í kringum 80 klst. og passar það ágætlega við 5% stöðugildi. Auðvitað eru alltaf einhverjar stundir sem fara forgörðum í skráningu svo það má ætla að samtals séu klukkustundirnar eitthvað fleiri.

Fljótsdalshéraði, 10. júní 2008,

